
406. Kolbeinn Óttarsson Proppé (Svar på replik)

Takk fyrir þetta. Já, ég er sammála. Við þurfum að nálgast öll alveg sama hver skoðun okkar er á öðrum hefðbundnum deiluefnum stjórnmalanna. Ekki misskilja mig: Ég er alltaf til í að afnema kapitalismann, en ég er ekki til í að bíða eftir að það gerist til að fara að taka höndum saman og berjast gegn loftslagsvánni. Það sem ég bið um er að þau sem tala hvað mest fyrir markaðslausnum og kapitalískum leiðum víkki út sinn sjóndeildarhring, að við getum ekki treyst á gömlu hefðbundnu lausnirnar og leiðirnar. Ég vitna aftur í Ernu Solberg sem sagði hér í gær að við gætum ekki horft á þetta eins og „business as usual“. Við þurfum að beita öllum aðferðum og þar eigum við ekki að hika við að fara út fyrir þann þrönga ramma sem markaðurinn getur stundum sett okkur.

Skandinavisk oversættelse:

Tack för det. Ja, jag håller med. Vi måste alla närma oss varandra, oavsett våra åsikter i andra traditionella politiska frågor. Missförstå mig inte: Jag står alltid beredd att avskaffa kapitalismen, men jag vill inte vänta på att det sker innan jag gör mig redo och börjar kämpa mot klimathotet. Det som jag ber om är att de som mest förespråkar marknadsbaserade lösningar och kapitalistiska metoder gör något för att vidga sitt perspektiv, eftersom vi inte kan lita på de gamla traditionella lösningarna och metoderna. Jag citerar igen Erna Solberg som sade här i går att vi inte kan betrakta detta som ”business as usual”. Vi måste använda alla tillgängliga metoder och vi får inte tveka att spränga de trånga ramar som marknaden ibland sätter oss i.

Information

Tal nummer

406

Typ

Svar på replik

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Speaker role

Nordisk Grønt Venstre

Datum

31.10.19 13:27

